

## Skýrsla stjórnar GR fyrir starfsárið 1.11.2007-31.10.2008

Jón Pétur Jónsson, formaður GR, flutti skýrslu stjórnar á aðalfundi klúbbsins sem haldinn var í golfskálanum í Grafarholti 5. desember 2008.

Á starfsárinu létust 5 félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur:  
Jakob Hrafn Höskuldsson  
Þorvaldur R. Guðmundsson  
Guðrún Á. Magnúsdóttir  
Þórarinn Kjartansson  
Jónas P. Erlingsson

Vil ég biðja fundarmenn að minnast látinna félaga okkar með því að rísa úr sætum.

Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur var skipuð eftirfarandi félögum á starfsárinu:

Jón Pétur Jónsson formaður  
Björn Víglundsson varaformaður  
Helga Harðardóttir gjaldkeri  
Bernhard Bogasson ritari

Meðstjórnendur:

Viggó Viggósson  
Gunnar Már Sigurfinnsson  
Guðni Hafsteinsson

Varastjórn:

Magnús Oddsson  
Anna Björk Birgisdóttir  
Rakel Kristjánsdóttir

Haldnir voru 12 bókaðir stjórnarfundir og eins og undanfarin ár sat varastjórn alla stjórnarfundir, ásamt framkvæmdarstjóra.

Í lok starfsárs voru félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur 2.998, þar af voru heiðursfélagar, félagar með aukaaðild og félagar með fjaraðild 248. Fjöldi félaga sem greiðir fullt árgjald er því 2.750 alls. Karlar voru 1907, konur 744, og piltar/stúlkur yngri 20 ára voru 347. Samtals eru þetta 2.998 félagar, en inni í þessari tölu eru 209 félagar með aukaaðild sem leika eingöngu litla völlinn.

Vegna tímabundins samnings um rekstur Garðavallar á Akranesi og stækkunar Korpu í 27 holur var samþykkt á síðasta aðalfundi að fjölga

félögum um 250 og þar með heildarfélagatölu upp í 2.750. Þrátt fyrir það eru um 200 manns á biðlista enda GR áhugaverður kostur fyrir kylfinga.

Golfsumarið 2008 byrjaði vel og vellir komu ágætlega undan vetri. Garðavöllur var opnaður 3. maí, Korpan 10. maí og síðan Grafarholtið 17. maí.

### **Framkvæmdir á árinu**

Við skulum snúa okkur að helstu nýframkvæmdum og þeim verkefnum sem unnið hefur verið að.

### **Korpúlfsstaðir:**

- Lokið var við að koma niður og ganga endanlega frá vökvunarkerfi á átta flötum, þ.e. flatir 2 til 9.
- Vatnsdæla keypt og komið í gagnið til að auka þrýsting á vökvunarkerfið.
- Keyptur og settur upp forhitari til að hita upp vatn fyrir vökvun.
- Gúlr teigar á 2., 7. og 8. braut, endurbættir og lagfærðir.
- Frárennsli (dren) útbúið við 8. flöt.
- Hellulagt undir bekki og ruslatunnur.
- Brú byggð yfir lækinn á 5. braut (á eftir að steypa efsta lagið).
- Efri hæðin að Korpúlfstöðum lagfærð. Steypuviðgerðir á húsi og málað að utan.
- Innigarður var tekinn í gegn og er nú til mikillar þrýði.

### **Grafarholt:**

- Malbikaðir stígar á brautum: 1., 2., 3., 4., 5., 8. og 10.
- Byggt þak yfir svalir golfskála.
- Matvælageymslur endurbættar, þ.e. kælur.

- Tæki og vinnuborð endurbætt í eldhúsi.
- Byggð hreinsiaðstaða við 18. flöt.
- Útbúin hleðsla við aðkomu Grafarholtsvallar.
- Aspir settar niður við aðkomu að vellinum.
- Byggðir nýir gulir teigar á 8. og 10. braut.
- Keypt ný teigskilti (sem verða tekin í notkun næsta vor).
- Lokið við gerð fundaraðstöðu í kjallara golfskálans.
- Afgreiðsla golfbúðarinnar endurnýjuð, gólf teppalögð og veggir málaðir.

### **Garðavöllur:**

- Göngustígar lagfærðir, skipt um yfirborðsefni.
- Skipt um teigskilti á öllum teigum.
- Útbúinn nýr teigur á 2. braut.
- Lokið við gerð glompu á 4. braut.
- Skipt um jarðvegsefni umhverfis golfskála.

Samkvæmt samningi við Leyni ber okkur að framkvæma ákveðin verkefni en þeir geiða allan efniskostnað.

### **Grafarkotsvöllur:**

Engin nýframkvæmd þar á árinu.

### **Básar:**

- Gervigras lagt á um ca. 2.000 fermetra og eru þá allir helstu álagsblettir komnir undir gervigras, er það til mikilla bóta fyrir leigutaka.
- Samstarf við leigutaka Bása, Pro Golf, hefur verið með ágætum, fyrirhuguð er stækkun á inniæfingaraðstöðu, en nú verður sú framkvæmd sett á ís í óákveðin tíma.

### **Litli völluminn:**

Engar nýframkvæmdir voru á Litla vellinum á Korpu á árinu.

### **Trjárækt:**

Ríkharður Pálsson hefur séð um þá deild ásamt Jóni Halldórssyni, hafa þeir sett niður mikið magn trjáa í Grafarholtinu, ásamt því að Ríkharður hefur séð um snyrtingu og klippingu á báðum völlum klúbbsins, eiga þessir heiðursmenn mikið þakklæti skilið.

### **Fjármál:**

Gjaldkeri klúbbsins mun gera nánari grein fyrir reikningum hér á eftir

### **Vélakaup:**

Keyptar vorur vélar fyrir 24 milljónir og kaupleigusamningur gerður til 5 ára um þau kaup.

### **Starfsmannahald**

Heilsársstarfsmönnum á völlum klúbbsins var ekki fjölgað fyrir tímabilið, nýr vallarstjóri var ráðinn í Grafarholtið, Aðalsteinn Ingvarsson. Hefur hann góða reynslu af golfvöllum hér á landi, verið vallarstjóri í Vestmannaeyjum, hjá Nesklúbbum og á Akranesi. Til gamans má geta þess að hann tók þátt í Ryder-keppninni 2008, vann að undirbúningi vallanna þar. Bindum við góðar vonir við starf hans og þökkum jafnframt forvera hans Gísla Páli Jónssyni fyrir góð störf í gegnum árin.

Vallarstjóri á Korpunni er Ágúst Jensson og á Garðavelli Róbert Halldórsson. Fastir starfsmenn á skrifstofu voru 5, framkvæmdarstjóri er Garðar Eyland.

### **Aðsókn að völlum GR**

Vegna mikillar ásóknar í teigtíma var skráning færð fram til kl 7 á morgnana. Leiknir hringir voru eftirfarandi miðað við tölvuskráningu. Á Grafarholtsvelli, sem opnaður var 17. maí, voru leiknir 28.891 hringir, á Korpu, opnuð 10. maí, 31.533 hringir og á Garðavelli, sem opnaður var 3. maí, 17.231 hringir (þar af um helmingur GR-ingar). Grafarkotsvöllur: 1.080 (seld flatargjöld plús GR-ingar). Litli völluminn: 3.680 (seld flatargjöld plús GR-ingar.)

### **Vinavellir**

Á árinu vorum við með samninga við fjóra klúbba upp á frítt spil fyrir okkar félagsmenn:

Hólmsvöllur Leiru: 1.102 hringir

Strandarvöllur Hellu: 1.250 hringir

Þorlákshafnarvöllur: 2.240 hringir

Hamarsvöllur Borgarnesi: 1.235 hringir

Samtals: 5.827 hringir á vinavöllum

Má gefa sér það að leiknir hringir undir merkjum GR séu um um eitt hundrað þúsund á árinu sem er að líða, en það er algjört met í sögu klúbbsins.

### **Rástímabókanir**

Ákveðið var að breyta skráningu rástíma á þann veg að reyna að beina félagsmönnum inn á netskráningu og hætta við svokallaðan prýðistíma (Prime time), sem var sá tími sem flestir vildu spila á. Reynt var að hafa alla skráningu opna og fyrir allra augum og allir ættu jafna möguleika á skráningu. Það vakti furðu margra að nokkrum mínútum eftir að opnað var fyrir skráningu voru allir rástímar bókaðir og vildu menn meina að ekki væri allt með felldu. En skýringin á þessu er sú að forsvarsmenn hópa voru mjög skipulagðir við skráninguna og eru dæmi um að 4 einstaklingar, á fjórum stöðum, tóku að sér að bóka 16 manna hóp, hver með sinn tíma, og allt þetta gerðist á sömu mínútunni. Í sjálfu sér er ekkert ólöglegt við þetta, menn reyna að halda hópinn fyrir sig og sína féлага, en við höfum áhuga á að breyta þessu til betri vegar og verður reynt að vinna með sem flestum hópum og bjóða þeim upp á skráningu fram í tímann gegn ákveðnum skilyrðum. Einnig breytum við skráningartímanum þannig að menn þurfa ekki að vaka fram eftir nóttu. Einnig hefur komið til tals að koma nöfnum kylfinga burt af skráningarblaðinu sem allir sjá, notast við einhver önnur kennileiti, en þetta er háð breytingum og ákveðinni vinnu sem GSÍ þarf að framkvæma. En það á ekki neinum að koma við þótt farið sé í golf á miðjum degi, það er einkamál hvers og eins.

Rástímaskráning í svona stórum klúbbi verður að vera gegnsæ og öllum opin, ef einhver telur sig hafa betri tillögur en nú eru við lýði, þá endilega gefi hann sig fram.

Hertar reglur voru settar um mætingu í pantaða teigtíma. GR-ingar sem ekki mættu í skráða teigtíma, alls 157 félagar, fengu send bréf frá klúbbum með áminningu um að ef slíkt endurtæki sig fengi viðkomandi ekki leikheimild á völlum GR.

Utanfélagsmenn, alls 32, sem ekki mættu í bókaðan teigtíma fengu hins vegar bréf þess efnis frá klúbbum að annaðhvort greiddu þeir vallargjald og væru lausir allra mála eða færu á svartan lista sem felur það í sér að viðkomandi fær ekki að leika á völlum GR.

Áður hafið borið á því að sami kylfingur var skráður til leiks á allt að fjóra golfvelli á sama degi, þetta gengur ekki og er dónaskapur við þá fjölmörgu sem vilja leika þessa göfugu íþrótt. Þetta eftirlit verður hert enn frekar.

## **Ræsing og eftirlit**

Ákveðið var að auka eftirlit með ræsingu og leikhraða á völlum klúbbsins. Ráðnir voru sex menn til verksins sem gerði að verkum að leikhraði er með því allra besta sem ég hef kynnst.

Ávallt koma upp nokkur mál þar sem kylfingum og eftirlitsmanni sinnast, við slíkar aðstæður er mikilvægt er að báðir aðilar sýni fyllstu kurteisi. En reglum klúbbsins ber að fara eftir og eftirlitsmönnum er skylt að framfylgja þeim.

Rætt hefur verið um, til að hraða leik, að karlar með 24 til 36 í forgjöf leiki á grænum teigum sem yrðu aðeins aftar en þeir rauðu. Verður þetta kynnt frekar ef af verður.)

## **Kapleikjahald**

Núverandi stjórn tók þá ákvörðun að fækka mótum á völlum GR um 6, sérstaklega átti þetta við um Grafarholtið í ágúst, þegar degi fer að halla. Ef við berum saman 2007 og 2008 þá var 41 mót haldið 2007 en aðeins 30 mót í ár.

Tekið skal fram að mót á Garðavelli voru 14 alls. Mér finnst þetta hafa tekist mjög vel og meðlimir GR hafa fengið meiri leiktíma fyrir sig í staðinn.

En nú eru breyttir tímar í þjóðfélaginu og því óljóst hvaða fyrirtæki sjá sér fært að styðja klúbbinn eins og áður. Útlitið er þó ekki dökkt, ekkert fyrirtæki hefur ekki enn a.m.k. dregið stuðning sinn til baka en þetta skýrist eftir áramótin.

Við héldum okkar meistaramót viku á eftir öðrum klúbbum. Var það ákveðið vegna ástands valla.

Ásókn í opnu mótin var betri 2008 enn 2007, að meðaltali 153 kylfingar á móti 143 í fyrra.

Stærsta mót sumarsins var meistaramótið, í því tóku þátt 617 kylfingar, 100 fleiri en árið áður og er þetta mót alveg við það að springa.

Mótanefnd ásamt starfsmönnum klúbbsins hafa fengið það verkefni að finna lausn sem allir geta vel við unað fyrir næsta vor.

Við héldum einnig nokkur GSÍ mót ásamt Íslandsmeistarmótinu í holukeppni á Korpu. Tókust öll þess mót mjög vel og voru klúbbnum til sóma.

## **Markaðsnefnd**

Aðalverkefni markaðsnefndar er að ná í svokallaðar aðrar tekjur ásamt öllu mótahaldi. Er þetta auglýsingasala á velli klúbbsins ásamt umsjón og samningagerð við alla helstu stuðningsaðila klúbbsins, sala á flettiskiltinu við Vesturlandsveg, neðan Grafarholstvallar og almenn yfirumsjón með allri annarri fjáröflun en árgjöldum. eru þetta um 50 milljónir á ári og munar um minna.

Umsjónarmaður beggja þessara nefnda er varaformaður GR, Björn Víglundsson og nýtur hann dyggrar aðstoðar Gunnars Mús Sigurfinnssonar og Ómars Arnar Friðrikssonar.

### **Unglinga- og afreksmál**

Starf unglinganefndar hefur verið gróskumikið og árangur eftirminnilegur. GR hefur alltaf lagt á það ríka áherslu að styðja við uppbyggingarstarf og unglingakennslu. Þetta ber okkur að rækta og er virkilega gaman að sjá hvernig starfið hefur blómstrað á árinu. Nokkuð skyggir á að ekki tókst að halda rekstraráætlun. Fyrir því liggja margar ástæður, til dæmis mikil fjölgun þátttakenda í starfinu. Árangur var hins vegar ánægjulegur. Við áttum helming Íslandsmeistara í högggleik og helming í holukeppni. Unglingarnir okkar unnu þrjár sveitakeppnir af fjórum. Íslandsmeistarar í högggleik 2008 urðu þau Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, Guðmundur Ágúst Kristjánsson og Haraldur Franklín. Í holukeppni unnu þau Sunna Víðisdóttir, Guðmundur Ágúst Kristjánsson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir. Þetta eru allt nöfn sem við eigum eftir að heyra oft í afreksfréttum framtíðarinnar. Þessir krakkar eru verðugir fulltrúar klúbbsins í framtíðinni.

### **Afrekshópur**

Undanfarin ár hafa nokkrir af bestu kylfingum landsins gengið til liðs við GR. Er það því að þakka að umgjörð og æfingar hafa verið með því besta sem þekkist hér á landi. Raddir hafa heyrst um stórinnskaup klúbbsins á afrekskylfingum en slíkt á ekki við rök að styðjast. GR kaupir ekki leikmenn en öllum er frjálst að ganga í klúbbinn.

Árangur okkar helstu kylfinga var þolanlegur í sumar, við eignuðumst Íslandsmeistara kvenna, okkar frábæru Helenu Árnadóttur. Henni tókst að vinna eftir langan bráðabana í Vestmannaeyjum. Heiðar Davíð Bragasson lenti í öðru sæti á sama móti eftir eina mestu dramatík sem sést hefur í golfleik hér á landi.

Klúbbmeistari karla er Þórður Rafn Gissurarson og klúbbmeistari kvenna og einnig stigameistari GSÍ er Ragnhildur Sigurðardóttir.

Kvennasveit GR náði öðru sæti í sveitakeppni GSÍ og öldungasveit karla náði einnig öðru sæti í sveitakeppni GSÍ. Meistaraflokkur karla olli vonbrigðum því mikið var um frábæra kylfinga í þeirri sveit, það gengur vonandi betur næst.

Þar sem ársskýrsla þessi er einnig skráning á sögu klúbbsins, þá koma hér neðanmáls upplýsingar og upptalning á öllum þeim sem unnu til verðlauna á árinu.

Umsjón með unglिंगastarfi og afreksmálum höfðu Bernhard Bogasson og Viggó Viggósson ásamt íþróttastjóra GR, Brynjari Geirssyni.

### **Heimasíðu- og upplýsinganefnd**

Aðalmarkmið þessarar nefndar var að koma upp og byggja til framtíðar sterka og góða heimasíðu ásamt netfangalista, svo hægt sé án mikils tilkostnaðar að kynna meðlimum GR hvað er á hverju sinni. Einnig er þar komið á framfæri alls konar tilkynningum sem viðkemur öllu starfi innan félagsins. Lagt var upp með að ná sambandi við um 1.500 meðlimi GR en reyndin varð að um 1.100 manns hafa skráð sig á netfangalistann.

Ætlunin er að gera gangskör í eflingu netfanga núna eftir áramótin, reynt hefur verið að koma lífi í heimasíðuna okkar og finnst mér vel hafa tekist til. Til gamans má geta að heimsóknir frá 1. maí hafa verið um 68.000 og flettingar 265.000 frá sama tíma.

Ég hvet alla meðlimi GR sem hafa aðgang að tölvu að koma sínu netfangi til skrifstofu svo auka megi tengingu klúbbsins við félagsmenn.

Guðni Hafsteinsson hefur leitt þetta starf og notið góðrar aðstoðar starfsfólks GR.

**Öldungastarf** var með svipuðu sniði og áður, þriðjudagsmót skipa þar veigamikið hlutverk. Innheimtu sáu starfsmenn klúbbsins um, en Halldór Kristjánsson hefur verið viðloðandi þetta starf með góðum árangri.



**Kvennastarf** var mjög öflugt eins og undanfarin ár. Farið í óvissuferð, haldin mót sem og aðrar uppákomur. Þátttaka var góð eins og undanfarin ár. Heiðurinn af þessu frábæra starfi á Anna Björk Birgisdóttir.

### **Stækkun Korpu og áhaldahús ásamt nýrri inniæfingaraðstöðu tengdri Básun**

Kominn er á samningur við Reykjavíkurborg um stækkun Korpu. Framkvæmdir skulu hefjast eigi síðar en vorið 2009. Fjármagn hefur því miður enn ekki verið sett í þetta af hálfu borgarinnar þrátt fyrir samninginn. Þessar framkvæmdir munu frestast vegna efnahagsástandsins en við bíðum betri tíðar.

Vegna stækkun Korpunnar hefur GR hefur hafið ræktun á flatargrasi fyrir nýju flatirnar á 10.000 fermetra svæði austur í sveit að Syðri Sýrlæk. Sáð var í byrjun ágúst rétttri blöndu af grasfræjum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn fari austur, sandi, gati og slái eftir kúnstarinnar reglum. Þegar flatarstæði verða svo tilbúin á Korpu er bara að sækja grasið á flatirnar austur fyrir fjall.

### **Samstarf við Leyni**

Á síðasta ári gerðum við samning um yfirtöku á rekstri Garðavallar á Akranesi. Nokkurrar vantrúar gætti meðal kyflinga á Akranesi um þetta samstarf en það tókst hins vegar með eindæmum vel og hafa óánægjuraddirnar breyst í hrós.

Rekstraráætlun um þetta stóst nokkurn veginn þó að tekjur væru undir áætlun. Þetta er kærkomin viðbót, því það er frábært að geta valið um þrjá velli í 30 mínútna fjarlægð frá Korpu. Samningurinn við Leyni er til fimm ára.

### **Afmælisár**

Á árinu 2009 verður Golfklúbbur Reykjavíkur 75 ára. Haldið verður upp á afmælið með pompi og prakt. Margs konar afmælistótt eru fyrirhuguð, sem og aðrar uppákomur en hápunkturinn verður Íslandsmót í högggleik í Grafarholtinu í lok júlí.

Þegar allar áætlanir um afmælishaldið liggja fyrir verður gefinn út nýr Kylfingur og eru jafnvel hugmyndir um að hann komi út á DVD-diski. Ritstjóri Kylfings, Magnús Oddsson, á nefnilega í fórum sínum gamalt hreyfimyndaefni úr sögu klúbbsins sem gaman væri að koma á framfæri með þessum hætti.

Aðalverkefni okkar á næsta ári verður að fegra og snyrta allt umhverfi hér í Grafarholti. Aðalinnkeyrsla að velliinum er að taka á sig endanlega mynd, malbikun á seinni helmingi Grafarholts er langt komim og næsta vor verður lagað og snyrt til á Korpu.

Ástandið á flötum hér í Grafarholti var sárlega bagalegt síðasta sumar. Kemur það til af sýkingu sem hefur herjað á flatirnar bæði á Korpu og hér í Grafarholtinu. Tekist hefur að laga og betrumbæta flatir á Korpunni svo til fyrirmyndar er, sama ferli er í gangi hér í Grafarholtinu og sá sem ber ábyrgð á þeim verknaði er Aðalsteinn vallarstjóri. Við berum fullt traust til hans og styðjum hann í þessum verkum.

Þessari yfirferð minni fer nú að ljúka, en ég get þó ekki orða bundist um það ástand sem herjað hefur á okkur Íslendinga síðustu mánuðina.

Það er engin launung á því að efnahagsástandið snertir okkur hérna í golfklúbbnum eins og alla aðra landsmenn. Stjórn klúbbsins hefur sett í gang ákveðna niðurskurðaráætlun sem miðar við að halda sömu árgjöldum og síðasta ár, en fara í niðurskurð sem nemur á fyrsta stigi 15%. Við leggjum áherslu á að unglिंगastarfið haldist óbreytt. Við erum einnig undir það búin að félagar geti samið um sínar árgjaldagreiðslur á lengri tíma en áður. Við viljum að sem flestir komist í golf á þessum síðustu og verstu tímum, okkur ber skylda til að gera fólki það kleift.

Því miður tókst ekki að reka klúbbinn með hagnaði þetta árið, því vaxtakostnaður og verðbólga ásamt launaskriði hafa dunið á klúbbnum. Vonandi tekst að lækka skuldir félagsins á næstu árum en gjaldkeri gerir betur grein fyrir reikningum hér á eftir.

Við gerum þá kröfu til okkar félagsmanna að þeir gangi vel um vellina og þessi fallegu svæði sem okkur er falið að sjá um. Sjálfboðaliðastarf er vel þegið. Ef allir standa saman komumst við heil í gegnum þetta ástand.

Mínu fyrsta ári sem formanns er að ljúka. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum sem vinna hjá klúbbnum fyrir fórnfúst starf, stjórnarfólki og öðrum félögum þakka ég góð kynni og gott samstarf.

**Listi yfir verðlaun og verðlaunahafa Golfklúbbs Reykjavíkur 2008.**

Íslandsmeistarar í höggleið unglunga:

15-16 ára stúlkur Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR

15-16 ára piltar Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR

17-18 ára piltar Haraldur Franklín GR

Íslandsmeistarar í holukeppni unglunga:

13-14 ára stúlkur Sunna Víðisdóttir GR

15-16 ára stúlkur Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR

15-16 ára piltar Guðmundur Ágúst Kristjánsson GR

Íslandsmeistarar í sveitakeppni unglunga:

16 ára og yngri stúlkur – Sveit GR:

Berglind Björnsdóttir

Guðrún Pétursdóttir

Halla Björk Ragnarsdóttir

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

Sunna Víðisdóttir

Liðstjóri var Gunnlaugur Elsusson

16 ára og yngri piltar, GR, A-sveit:

Guðmundur Ágúst Kristjánsson

Guðni F. Carrico

Jakob Helgi

Magnús B. Sigurðsson

Þorkell Kristinsson

Liðstjóri var Jóhann K. Hjaltasson

18 ára og yngri piltar, GR, A-sveit:

Andri Þ. Björnsson

Axel Ásgeirsson

Haraldur Franklín

Helgi Ingimundarsson

Pétur F. Pétursson

Liðstjóri var Sigurpór Jónsson.

## **Klúbbmeistarar Golfklúbbs Reykjavíkur árið 2008:**

### Meistaraflokkur karla

1. Þórður Rafn Gissurarsson 288 högg
2. Pétur Freyr Pétursson 296 högg
3. Heiðar Davíð Bragasson 297 högg

### Meistaraflokkur kvenna

1. Ragnhildur Sigurðardóttir 300 högg
2. Hanna Lilja Sigurðardóttir 326 högg
3. Helena Árnadóttir 328 högg

### 1. flokkur karla

1. Halldór Fannar Halldórsson 303 högg
2. Torfi Steinn Stefánsson 311 högg
3. Gunnar Marteinnsson 314 högg

### 1. flokkur kvenna

1. Jóhanna Ingólfssdóttir 350 högg
2. Helga Þorvaldsdóttir 375 högg
3. Ingibjörg Ketilsdóttir 378 högg

### 2. flokkur karla

1. Sigurjón Árni Ólafsson 320 högg
2. Brynjar Valdimarsson 323 högg
3. Björn Víglundsson 327 högg

### 2. flokkur kvenna

1. Marólína G.Erlendsdóttir 392 högg
2. Sandra M.Björgvinsdóttir 404 högg
3. Ásdís Rafnar 405 högg

### 3. flokkur karla

1. Tryggvi Guðbrandsson 334 högg
2. Magnús Guðmundsson 352 (vann í bráðabana)
3. Þorsteinn G.Gunnarsson 352 högg

### 3. flokkur kvenna

1. Linda Björk Ólafsdóttir 323 högg
2. Anna Björk Birgisdóttir 331 högg
3. Magdalena Kristinsdóttir 334 högg

### 4. flokkur karla

1. Helgi Hilmarsson 283 högg
2. Sveinn Orri Vignisson 288 högg
3. Hjalti Ævarsson 290 högg

### 50 ára og eldri konur

1. Stefanía Margrét Jónsdóttir 271 högg
2. Margrét Geirsdóttir 273 högg
3. Sigríður Th. Matthiesen 274 högg

### 55 ára og eldri öldungar karla

1. Snorri Hjaltasson 232 högg
2. Óskar Sæmundsson 241 högg
3. Friðgeir Óli Sverrir Guðnasson 242 högg

### 70 ára og eldri öldungar karla

1. Þorsteinn S. Steingrímsson 256 högg
2. Hans Jakob Kristinsson 261 högg
3. Jón H.Ólafsson 265 högg

Sigurvegarrar í Opna GR

Haukur Lárusson GR

Bjartmar Daðasson GVS